
**FORNLEIFARANNSÓKNIR Í VOGAVÍK, VOGUM Á VATNSLEYSUSTRÖND:
VEGNA FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA Á LÓÐ STOFNFISKS**



HÓLMFRÍÐUR SVEINSDÓTTIR OG LILJA BJÖRK PÁLSDÓTTIR

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2021
FS840-20451**



Grunnupplýsingar

Leyfisnúmer

202011-0061

Þjóðminjasafnsnúmer

2020-69

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu

GK-123:188, GK-123:189.

Kristborg Þórsdóttir. 2014. *Deiliskráning fornleifa í Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd*. FS553-14161. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Stutt lýsing rannsóknar

Fornleifarannsókn vegna fyrirhugaðrar byggingar seiðaeldishúss og hrognahúss á lóð Stofnfisks í Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd.

Staðsetning

Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd

GPS hnit

63°58.381N 22°23.239V

Rannsóknartími

nóvember 2020 til mars 2021

Leyfishafi

Hólmfríður Sveinsdóttir


Fjöldi starfsmanna

2

Forsíðumynd

Yfirlitsmynd yfir hleðslur GK-123:189a og b. Ljósmyndari: Hólmfríður Sveinsdóttir

Staðsetningarkort



Mynd 1: Staðsetning deiliskipulagsreits sýnd sem rauður kassi á Íslandskorti. Kortið er fengið af heimasíðu Landmælinga Íslands.

Útdráttur

Fornleifarannsóknir voru gerðar á lóð Stofnfisks í Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd, vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Rannsóknirnar voru unnar á vegum Fornleifastofnunar Íslands fyrir framkvæmdaaðila og var fyrst farið á vettvang í nóvemberlok 2020 en varð frá að hverfa sökum frosts en aftur farið á vettvang í mars 2021 og verki lokið. Við rannsóknirnar voru þau mannvirki sem bygging seiðaðishúss mun raska (þ.e. hleðslur GK-123: 188 og 189) teiknuð vandlega upp. Jarðvegur í kringum hleðslurnar var rannsakaður og komu fleiri hleðslur í ljós innan mannvirkis GK-123:189.

Lykilorð

Vogavík, Vogar á Vatnsleysuströnd, steinhleðslur, fornleifar, framkvæmdarannsókn

Abstract

An archaeological research was conducted within the plot of Stofnfiskur in Vogavík, Vogar at Vatnsleysuströnd, due to the intended construction of the site. The work was done by the Institute of Archaeology, Iceland on behalf of Stofnfiskur. The archaeological remains which will be damaged by the construction were registered, i.e. stone structures GK-123: 188 and 189. Deposits around the structures were examined which led to the discovery of more stone structures within GK-123:189.

Keywords

Vogavík, Vogar á Vatnsleysuströnd, stone built structures, archaeology, development led excavation



Efnisyfirlit

Inngangur	5
Aðferðarfræði	5
Minjar	6
GK-123:188.....	6
GK-123:189.....	6
Lokaorð	7
Heimildaskrá	8
Viðauki: Ljósmyndaskrá	8

Inngangur


Til stendur að byggja nýtt seiðaeldishús og hrognahús á lóð Stofnfisks í Vogavík í Vogum á Vatnsleysuströnd. Mun framkvæmdin hafa áhrif á þekktar minjar á svæðinu, seiðaeldishúsið á hleðslur GK-123:187, 188 og 189 og hrognahúsið á hleðslu GK-123:161B og þúst GK-123:176. Mest verða áhrifin á hleðslur GK-123:188 og 189 sem framkvæmdin mun raskað og sökum þess úrskurðaði Minjastofnun Íslands að teikna skyldi hleðslurnar nákvæmlega upp áður en framkvæmdir hæfust og kanna jarðveg við hleðslurnar. Aðrar hleðslur (þ.e. GK-123:161B og 187) þyrfti framkvæmdaraðili aðeins að merkja eða girða af til að forðast að þær raskist af vangá. Þúst GK-123:176 var talin vera frá því eftir 1950 og fellur því ekki undir skilgreiningu laga um menningarminja þar sem hún er yngri en 100 ára.

Í kjölfarið á úrskurði Minjastofnunar leitaði Stofnfiskur til Fornleifastofnunar Íslands og tók stofnunin að sér rannsóknir og merkingu staðanna. Fyrst var farið á vettvang í lok nóvember 2020 en þar sem talsvert frost var þá reyndist ekki unnt að ljúka rannsóknum og var farið aftur í mars og rannsóknum lokið. Rannsóknin var unnin af þeim Hólfríði Sveinsdóttur og Lilju Björk Pálsdóttur.

Aðferðarfræði

Aðferðafræði verkefnis byggði á umsögn Minjastofnunar Íslands. Hleðslurnar voru mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 tæki til að marka staðsetningu þeirra. Voru hleðslurnar auk þess ljósmyndaðar nákvæmlega og teiknaðar í plani.

Minjar



Mynd 2: Yfirlitsmynd af minjum á svæði.

GK-123:188

Grjóthleðsla GK-123:188 (334.154, 389.968) er um 4 x 3 m að stærð og er á lágum hraunhól í suðausturjaðri lóðarinnar. Hleðslan snýr norðvestur-suðaustur og er v-laga. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi (Kristborg Þórsdóttir 2014, 23). Hleðslan var teiknuð upp og jarðvegur í kringum hana kannaður en rannsóknir vörpuðu ekki frekari ljósi á hlutverk hennar.

GK-123:189

Hleðslur GK-123:189 (334.161, 389.957) eru á lágum mosavöxnum hraunhól um 15 m SSA af hleðslu 188 (Kristborg Þórsdóttir 2014, 23). Við fornleifaskráningu voru skráðar fjórar grjótraðir innan GK-123:189, þ.e. A, B, C og D, á um 20 x 5 m stóru svæði (Kristborg Þórsdóttir 2014, 23).

Hleðslur A og B eru í norðurenda hraunhólsins. Hleðsla A er um 6 m á lengd en hleðsla B er um 3 m. Hleðslurnar eru samsíða (norður-suður) og eru 4 m á milli þeirra og hafa þær líklega tengst með hleðslu að norðan (Kristborg Þórsdóttir 2014, 23). Við hreinsun á hleðslunum kom í ljós að þær eru vissulega samtengdar líkt og talið hafði verið en grjótið í norðurhleðslu var smærri og skar sig nokkuð frá öðrum hleðslum.

Hleðslur C og D voru um 4 m SSA af hleðslum A og B. Hleðslurnar voru um 6 m á lengd og voru samsíða og um 1 m á milli þeirra. Báðar hleðslurnar eru örlítið sveigðar. Ekki er vitað í hvaða hlutverki hleðslurnar voru hlaðnar en talið líklegt að þær afmörkuðu fiskþurrkunarsvæði á hólnum (Kristborg Þórsdóttir 2014, 23).

Þrjár grjótraðir til viðbótar komu í ljós á þessu svæði við rannsóknir og fengu númerin GK-123:189 E, F og G), samkvæmt skilmálum Minjastofnunar þurfti einnig að hreinsa þær og kannast og bættust þær því við upphaflega áætlun. Hleðsla E kom í ljós vestan við hleðslu D. Hleðslur D og E eru líkar að því leyti að grjótraðirnar samanstanda af smærra grjóti en í hleðslu C. Þar sem grjótraðir D og E voru greinilegar á yfirborði var ákveðið að hreinsa ofan af þeim með reglulegu millibili til að kanna breytingar á hleðslum og er teikningar af þeim að finna í viðauka skýrslu, ásamt öðrum hleðslum. Grjótröð F var v-laga hleðsla skammt suðvestur af hleðslu D. Grjótröð G var NNA af hleðslum A og B og var hún lítil grjótröð í enda hraunhólsins. Var jarðvegur í kringum hleðslurnar kannaður en litlar vísbendingar var þar að finna um aldur eða eðli mannvirkjanna þar sem hleðslurnar voru alla jafna hlaðnar beint ofan á klöpp og var um litla jarðvegssöfnun að ræða á svæðinu.

Lokaorð

Við könnun á lóð Stofnfisk voru hleðslur þær sem ljóst var að yrðu að víkja í framkvæmdinni hreinsaðar og teiknaðar upp (GK-123:188 og GK-123:189). Við rannsóknirnar komu í ljós fleiri hleðslur en þekktar voru áður innan mannvirkis GK-123:189 og var hverri hleðslu gefinn bókstafur innan minjanúmers og þær mældar og kannaðar. Greinilegt er að fjöldi steinhleðsla hefur verið á þessum mosavöxnu hraunhólum í Vogavík og er ekki ólíklegt að þær kunnni að tengjast fiskvinnslu á svæðinu. Hugsanlegt er að frekari upplýsingar um samband þeirra á milli mætti fá með því að opna svæðið í kringum GK-123:188 og GK-123:189 í heild sinni en ólíklegt að það myndi veita miklar viðbótarupplýsingar um gerð eða eðli mannvirkjanna.

Heimildaskrá

Kristborg Þórsdóttir. 2014. *Deiliskráning fornleifa í Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd*. FS553-14161. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Viðauki 1: Ljósmyndaskrá

Mynd	Staður	Átt	Lýsing	Dagsetning	Ljósmyndari
DSC_0051	189C	NV	Austurhluti 189C	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0052	189C	NV	Austurhluti 189C	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0053	189C	NV	Vesturhluti 189C	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0054	189C	NV	Vesturhluti 189C	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0055	189B	NV	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0056	189B	NV	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0057	189B	NV	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0058	189A&B	SA	Hleðslur A og B	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0059	189A	SA	Vesturhluti	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0060	189A	SA	Austurhluti	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0061	189A	SA	Austurhluti	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0062	189D	NV	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0063	189D	A	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0064	189D	A	Vinumynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0065	188	NA	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0066	188	NA	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0067	188	NV	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0068	188	NV	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0069	187	N	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0070	187	N	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0071	187	A	Yfirlitsmynd	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0072	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0073	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0074	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0075	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0076	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0077	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0078	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0079	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0080	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0081	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0082	189A&B	NV	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir

DSC_0167	188	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0168	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0169	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0170	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0171	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0172	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0173	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0174	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0175	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0176	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir
DSC_0177	189,,G“	V	Röð mynda	4. mars 2021	Hólmfríður Sveinsdóttir

Viðauki 2: Teikningar af grjóthleðslum GK-123:188 og 189



188




1m



189A&B



189C







189,,G''

1m

189,,E''



1m

